

Afi minn og amma mín úti á Bakka búa Dagur með bónda

Ítarefni og leiðbeiningar fyrir nemendur og aðstandendur

Hvað gerum við á námskeiðinu og hvað þarf að hafa með sér.

1. Við kynnumst hvort öðru

Byrjum á að spjalla saman og heyra hvort einhverjir hafi farið í sveit og heimsótt bónda. Líka hvort við eigum einhver gæludýr, kannski hest. Hvort við ræktum sjálf grænmeti eða blóm.

2. Skoðum heiminn

Hvar á jörðinni eru bændur, eru þeir mismargir eftir löndum?

3. Horfum á myndband

Beint úr sveitinni þar sem allt er að gerast og kálfurinn fæðist.

4. Fáum að rannsaka hluti úr sveitinni

Bæði ýmis áhöld og líka fóður, fræ og ýmislegt í krukum sem kemur á óvart

5. Gerum spurningalista fyrir sveitaheimsókn

Við ætlum að vera mjög forvitin og spyrja um allt sem okkur dettur í hug þegar við heimsækjum bændurna. Þeim finnst gaman að svara spurningum um starfið sitt.

6. Heimsækjum bændur

Förum í rútuferð á nokkra bæi og fáum að rannsaka landbúnaðinn, dýrin og plöntur alveg ofan í kjölinn. Ætlum líka að rannsaka bændurna.

Við þurfum

- **Góða skó eða stígvél, eftir veðri**
- **Yfirhöfn sem má skítna smá út**
- **Hressingu – vatnsflösku eða safa. Ekki nammi!!!!**
- **Við þurfum EKKI ritfæri!**

Fróðleikur til að lesa yfir fyrir námskeið

Jörðin og maturinn

Á jörðinni búa sjö og hálfur milljarður barna, kvenna og manna. En einnig dýr, sem eru langtum fleiri en mennirnir og allar þessar lífverur þurfa mat.

Og þá er spurning – hvaðan kemur maturinn?

Kannski úr sjónum sem hylur 70% af jörðinni? Nei, hann kemur að langmestu leyti úr landbúnaði. Af þurrlandi sem sagt. Það byrjar nefnilega mest af matnum okkar ofan í jarðveginum. Namm!! Hann er undirstaða landbúnaðar.

Kannski eitthvað fleira?

Já, ekki bara maturinn, heldur líka stór hluti af fötunum okkar og meira að segja klósettpappírinn. Og allir stólarnir og borðin sem eru úr timbri. Já, og hellingur af snyrtivörum. Í þær eru notaðar afurðir úr landbúnaði. Líka í iðnaðarvörur eins og kerti og smurólíur.

Það má endalgaust telja upp allt sem byrjar í moldinni.

Fólkið

Það þarf margt fólk til að starfa í landbúnaði um alla jörð svo allir geti fengið mat, föt, stóla, klósettpappír og snyrtivörur. En við vitum líka að stór hluti mannkyns fær þetta ekki allt. Margir fá ekki einu sinni mat. Samt er landbúnaður stærsta hagkerfi á jörðinni.

Næstum helmingur mannkyns lifir á störfum í landbúnaði

Samfélagið

Það er löng leið frá fræinu í moldinni og alla leið í matvöru eða föt í búðinni. Til þess að breyta plöntu í kjöt, mjólk, egg eða sokk, þarf margar hendur og huga. Þess vegna fléttast landbúnaður um allt í samfélaginu og er í raun stærsta atvinugreinin.

Forgangsröðun á mikilvægum atriðum

Öryggismál

Við setjum þau í fyrsta sæti.

- **Bóndinn** afmarkar svæði sem börnin fara um, tryggir að hættur séu úr vegi og fer yfir öryggismál með hópnum.
- **Foreldrar** brýna fyrir börnun sínum að fara varlega í heimsókn, fylgja reglum og hlusta á bóndann og kennarann.
- **Kennari** heldur utan um hópinn, tengir börnin við bóndann og aðstoðar við utanumhald á staðnum.



Sóttvarnir

Smit sem veldur sjúkdómum í dýrum og mönnun getur borist eftir mörgum leiðum. Mikilvægt er að gæta fyllstu varúðar þar sem börnin komast í snertingu við húsdýr og fara um á sama svæði og búféð.

Algengast er að smit berist eftir þessum leiðum:

1. Frá dýrum í menn: E-coli, Campylobacter, Salmonella
2. Með mönnum á milli bæja: Veirusýking í nautgripi, smit á svínabúum
3. Hugsanlega einnig riða, garnaveiki og hestapest.

Börnin fá leiðbeiningar um hvort og hvernig klappa megi dýrum og hvort þörf sé á þrifum og sóttþreinsun er þau fara á milli bæja.



Heimsóknin

Börnin frá upplýsingar um bæina sem þau heimsækja áður en komið er í hlað. Markmið undirbúnings er:

- Að skapa eftirvæntingu og forvitni.
- Að leggja inn virðingu og íhygli fyrir því sem þau munu upplifa.
- Að efla sjálfstraust gagnvart því að spyrja óhræddur um allt.
- Að styrkja tengsl barnsins við náttúruna og umhverfi sitt.